



Fundargerð stjórnarfundar nr. 32.

Stjórnarfundur Norðurár bs., þriðjudaginn 6. júlí 2010 kl:10:00, haldinn sem símafundur. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson Vignir Kjartansson og Eiður Guðmundsson. Undir fyrsta lið fundarins var einnig Ágúst Hafsteinsson frá arkitektastofunni Form ráðgjöf ehf.

Dagskrá

1. Hönnun þjónustuhúss og húslýsing.
2. Vatnsveitumál.
3. Rafmagn.
4. Staða framkvæmda.

Magnús Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Hönnun þjónustuhúss.

Ágúst Hafsteinsson kynnti nýja útgáfu af teikningu af fyrirhuguðu þjónustuhúsi ásamt húslýsingu, en í henni er gerð grein ítarleg grein fyrir ýmsu sem snýr að byggingarefni, innréttingum, rafmangi, upphitum og fleira tengt húsinu. Farið yfir hvort tveggja og Ágústi falið að ganga frá þeim breytingum sem ræddar voru og fá svör um hagkvæmni á mismunandi útfærslu á „glugga hornum“. Senda okkur síðan loka útgáfu teikninga og sækja um byggingarleyfi til Skipulags- og byggingarnefndar Blönduósbæjar.

2. Vatnsveitumál.

Lögð fram göng frá Verkfræðistofunni Eflu um áætlaða vatnsþörf á urðunarstað. Einnig gerði Magnús grein fyrir fundi sem hann hefur átt með íbúum á Kúskerpi um fyrirhugaða vatnslögn úr vatnsbóli í þeirra landi að urðunarstað. Ákveðið að Magnús og aðrir stjórnarmenn eftir atvikum vinni áfram að málinu.

3. Rafmang.

Ekki er hægt að sækja um rafmangslögn að þjónustuhúsi fyrr en byggingarleyfi liggur fyrir. Málið áfram í vinnslu stjórnar.

4. Staða framkvæmda.

Í dag er fyrsti verkfundur áætlaður og fer Magnús á hann en verið er að setja upp vinnubúðir og fyrstu tækin eru að koma á staðinn.

5. Önnur mál

Enginn.



Norðurá bs
Byggðasamlag um sorpeyðingu
á Norðurlandi vestra.

Fundi slitið kl. 11:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Vignir Kjartansson

Eiður Guðmundsson